

FLÍ

Félag leikstjóra á Íslandi

ICELANDIC ASSOCIATION OF STAGE FILM AND TV DIRECTORS
ISLANDS INSTRUKTÖR FORENING

Alþingi

Erindi nr. P 1138/887

komudagur 23/1 1991

Menntamálanefnd neðri deildar Alþingis
c/o Þorsteinn Magnússon, nefndarritari.

Reykjavík, 21. janúar 1991

Vegna bréfs yðar frá 4. janúar sl. þar sem beðið er umsagnar félagsins um frumvarp til laga um listamannalaun, 139. mál, viljum við taka fram eftirfarandi.

Stjórn Félags leikstjóra á Íslandi telur því miður að hlutur leiklistarfólks sé með þessu frumvarpi nokkuð fyrir borð borinn. Bendum við á að bæði rithöfundar, myndlistarmenn og tónskáld hafa samkvæmt frumvarpi þessu aðgang að sérstökum sjóðum (launasjóði rithöfunda, launasjóði myndlistarmanna og tónskáldasjóði) auk svonefnds listasjóðs, en leiklistarfólk getur ekki samkvæmt frumvarpinu sótt um starfslaun nema í hinn síðastnefnda, en úr honum verður útdeilt til allra listgreinanna. Í beinu framhaldi af þessari umkvörtun viljum við og spyrjast fyrir um þær hugmyndir sem fram komu á Alþingi 1988-89 (445. mál) í frumvarpi til laga um Starfslaunasjóð leikhúslistafólks. Stjórnin leyfir sér hérmeð að óska eftir því, að þessu nýja frumvarpi um listamannalaun yrði breytt til samræmis við hugmyndir þær sem þar komu fram, svo að leikhúslistafólk megi að þessu leyti sitja við sama borð og aðrir listamenn landsins

Við biðjumst velvirðingar á því hversu síðbúin þessi umsögn er, en væntum þess að sjónarmið okkar mæti skilningi.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar Félags leikstjóra á Íslandi



Bríet Héðinsdóttir, ritari